



FÉLAG
ELDRI
BORGARA

Alþingi
Erindi nr. P 130/2034
komudagur 21.4.2004

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðis- og trygginganefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. apríl 2004.

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB) hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um öldrunarstofnanir, þskj. 382 – 330 mál og þakkar heiðraðri nefnd fyrir tækifærið að veita umsögn um málið.

Tillagan gjörir ráð fyrir nefndarskipan sem gjöri heildarúttekt á tekjustofnum og greiðslum til einstakra öldrunarstofnana o.s.frv. svo og gjöri nefndin úttekt á störfum þjónustuhópa í heilsugæsluumdæmum.

Varðandi þessa fyrirhuguðu nefndarskipan þykir FEB sjálfsagt að fulltrúar eða fulltrúi eldri borgara verði í nefndinni, enda eðlileg sanngirniskrafa.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að 1. janúar 2003 hafi átt að taka upp samræmt greiðslukerfi fyrir hjúkrunarheimili aldraðra og telur FEB að sú ákvörðun hafi verið af hinu góða svo og það að greiðslur væru í samræmi við hjúkrunarþyngd, enda slík þörf metin reglulega.


Í greinargerðinni er sérstaklega vikið að litlum einingum utan höfuðborgarsvæðisins og að sérstakt tillit þurfi að taka til þarfa þeirra af ýmsum ástæðum og tekur FEB undir að það sé vel skoðað, enda meginatriði að öll umönnun og aðhlyning sé sem allra best og sambærilegust hvar sem fólk vistast og öll mismunun þar verði úr sögunni.

Í greinargerð er einnig vikið að þjónustuhópum aldraðra sem skipaðir skulu af sveitarstjórn í hverju heilsugæsluumdæmi skv lögum um málefni aldraðra og nauðsyn þess að þeir starfi sem allra best og er heilshugar tekið undir það.

Hér er að veigamiklu máli vikið sem er einn stærsti þáttur okkar velferðarkerfis og FEB telur að hvað sem þar er gjört til úrbóta, samræmingar í sanngirnissátt og eflingar virks eftirlits sé hið besta mál.

Úttekt getur ugglaust skilað okkur lengra fram á veg ef vel er að staðið og framkvæmt í framhaldi af því og því lýsir FEB yfir stuðningi við tillöguna og vill mega treysta því að eldri borgarar komi að úttekt þessari með virkum hætti ef af verður.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni


Ólafur Ólafsson formaður